



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalistasflokks Íslands. Haldinn 12. mars í Hlutverkasetri. Fundur hófst 19:05.

Mætt voru Birna Eik Benediktsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Margrét Pétursson, Hákon Sveinsson, Jón Bragi Pálsson og Viðar Þorsteinsson.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1 · Liðnar fundargerðar

Fundur féll niður 5. mars vegna anna margra stjórnarmanna við endurreisn verkalyðshreyfingarinnar. Fundur féll einnig niður 26. febrúar vegna ónógrar mætingar. Viðar átti enn eftir að leggja fram fundargerð frá 19. febrúar. Gísli Pálsson gerði fundargerð vegna fundar 12. febrúar og hafði þegar dreift henni í Facebook hópi framkvæmdastjórnar.

2 · Skipun/virkjun kjörnefndar

Staðan: 2 sagt já, 3 sagt nei, 25 ekki svarað. Þarf að endurskipa í skarð allra sem hafa sagt nei og munu segja nei. Margrét P. tekur að sér að hringja, fær lista til að vinna úr frá Atla.

Stungið upp á að boða kjörstjórn á sinn fyrsta fund á sunnudaginn 18. mars kl 13 í Rúgbrauðsgerðinni.

Stefnt hraðbyri á framboð í Reykjavík, en einnig er möguleiki að bjóða fram í eftirtöldum sveitarfélögum: Kópavogur. Akureyri. Hafnarfjörður.

Framboðsfrestur er til 5. maí. Getum verið komin með lista 10. apríl, eftir mánuð. Höfum þá 7 vikur til að kynna listann áður en kosið er. Höfum nú tíma til að kynna framboðið án þess að vera með kandidata.

Rætt um mikilvægi þess að ná til þess 1/3 sem er með lægstu tekjur. Fátækir lífeyrisþegar. Innflytjendur. Örykjar. O.s.frv.

Rætt var um mögulegar aðgerðir. Tillaga frá Jóni Braga um seríu af textum og ljósmyndum á samfélagsmiðlum, ekki ósvipað og „Fólkið í Eflingu“, fékk góðan hlómgrunn. Gæti heitið „Fólkið í Sósíalístaflökknum“ eða „Sósíalístar í Reykjavík.“

Þá var rætt um að halda fund í Breiðholti. Leigja Gerðuberg, fundurinn yrði um fólk í lágláunastörfum hjá Reykjavíkurborg. Fá fulltrúa þaðan. Hluta um innflutta vinnuafl. Möguleiki að halda á þriðjudag eða fimmtudag í næstu viku. Rætt um túlkun; mikil ánægja með Sögu Kjartansdóttur sem textatúlk síðast og stefnt á að fá hana.

Í kjölfarið mætti svo halda sams konar fundi um stéttaskiptingu í skólakerfinu og öðrum fundi um fátækt og stéttskiptingu meðal eldri borgara.

3 · Skipun/virkjun samvisskunnar

Jón Bragi sér um, með aðstoð Viðars. Birna til í að aðstoða ef í harðbakkann slær.

4 · Stuðningur við verkefni málefna- og félagastjórnar

Dagskráin á vegum málefna- og félagastjórnar gekk vel um helgina. Rætt frekar á almennum nótum.

5 · Tengingar við hópa lágláunafólks, aldraðra, fátækra, öryrkja, leigjenda, innflytjenda. Fjölgun félaga.

Rætt óformlega um tengslin við ýmsa af þessum hópum og hvernig kosningabaráttu gæti stutt við baráttu þetta.

6 · Ungir sósíalístar

Rætt var almennt um viðburði á vegum flokksins sem höfðu til ungs fólks og mikilvægi þeirra fyrir flokkinn.